



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Pórshöfn

Verknám í heimabyggð
Samstarf framhaldsskóla og vinnustaða

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Júní 2015

Framhaldsskólinn á Laugum

Verkefnisstjóri: Hildur Stefánsdóttir

Nr. Samnings: UMS-176

Úthlutað: 2014

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að gefa nemendum sem vilja stunda nám í heimabyggð fyrstu námsár framhaldsskólagöngu sinnar, kost á að taka verklega áfanga. Það gerir þeim kleift að halda eðlilegum námshraða þegar stefnan er sett á iðnnám í áframhaldi.

Þetta er einnig ætlað sem sértæk lausn fyrir nemendur sem komnir eru með námsleiða eftir grunnskólagöngu, og fá þarna sýn inn í það verklega nám sem er í boði í VMA. Hér er oft verið að vinna með nemendur sem þurfa meira aðhald og aðstoð í námi, og vonast er til að verklegir tímar í hverri viku virki hvetjandi til frekara náms, og efli trú þeirra á eigin hæfni til náms þó bóklegar greinar séu ekki þeirra sterkasta hlið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Leitað var samstarfs við Verkmenntaskólann á Akureyri sem fósturskóla fyrir áfangana. Farið var á leit við nokkur fyrirtæki á Þórshöfn að gerast starfsfóstrar og hafa umsjón með verklegri kennslu fyrir nemendur. Allir voru fúsir til samstarfs.

Í maí 2014 komu í heimsókn til Þórshafnar skólameistari og áfangastjóri VMA. Í þeirri ferð heimsóttu þeir, ásamt verkefnisstjóra, öll þau fyrirtæki sem gert höfðu samstarfsyfirlýsingu og litið á þá aðstöðu sem þau höfðu uppá að bjóða.

Nemendum gafst svo kostur á að velja um áfanga í skólabyrjun í ágúst 2014. Þegar það var komið var gerð áætlun með tveimur vinnustöðum á haustönn (Mótorhaus og Rafeyri) um kennslu á grunnáfanga, Vinnustaðakynning (1 eining). Á vorönn völdu nemendur einnig í byrjun annar og gerð var áætlun með þremur öðrum vinnustöðum (Barnaból, Báran og Hamar) um



kennslu á þessum sama áfanga. Verkefnisstjóri hafði yfirumsjón með aðhalda utanum mætingar og áframhald, en starfsfóstrar skipulögðu verkefni og kennslu í tímunum.

Við annarlok skiluðu starfsfóstrar umsögn um nemandann ásamt staðfestingu á viðveru til verkefnisstjóra.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Töluverð áhrif hafði á framgang verkefnisins að einungis 3 nemendur stunduðu nám við framhaldsdeildina á haustönn og 6 á vorönn. Einnig var viss óvissa vegna starfsmannabreytinga á vinnstöðunum sem gerði það að verkum að ekki var hægt að undirbúa stóra áfanga. Því varð það úr að einungis voru kenndir 1 einingar áfangar í stað 2-6 eininga. Inní þetta spilaði að öllum aðilum þótti betra að byrja smátt og fá reynslu á það áður en farið væri í umfangsmeiri kennslu.

Þetta breytti fyrst og fremst útgjöldum sem urðu lægri þennan vetur en áætlunin gerði ráð fyrir, en ákveðið hefur verið að halda samstarfinu áfram og munu því þessir liðir koma til kostnaðar nk haustönn.

Einnig hafði þetta áhrif á að ekki náðist á þessum vetri, markmiðið að geta boðið uppá fyrsta ár iðnnáms á fullum námshraða. Ef ekkert kemur uppá ætti það samt að nást í haust a.m.k. á einhverjum námsleiðum.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þar sem verkefnið var nýtt af nálinni þurfti að þróa alla verkferla og hlutverk hvers samstarfsaðila í verkefninu. Ákveðið var að stíga varlega til jarðar svo það sem sett væri í loftið myndi örugglega ná góðri lendingu, og var það vel.

Boðleiðir reyndust frekar langar í byrjun á milli starfsfóstra og faggreinakennara í VMA, þar sem það fóru frá starfsfóstra í gegnum verkefnisstjóra, áfangastjóra VMA, brautarstjóra og svo til kennara. Þetta gekk betur á vorönn með því að koma á beinum tengslum starfsfóstra og faggreinakennara. Átti þó ekki við á öllum vinnustöðum.

Mat verkefnisstjóra og starfsfóstra var að ekki væri nauðsynlegt að nemendur færu inná Akureyri í námsmat við annarlok, heldur væri það einungis í höndum þeirra að meta vinnu nemenda, í samráði við faggreinakennara í VMA.

Helstu ávinningar

Í krafti verkefnins hefur náðst að koma á tengslum á milli framhaldsdeildar Laugaskóla á Þórshöfn, VMA og vinnstaða á Þórshöfn sem eru mjög mikilvæg.

Þórshöfn er fiskvinnslubær og því mjög algengt að ungt fólk byrji snemma að vinna við fiskvinnslu, enda oftast nóg að gera þar. Aftur á móti er stöðug vöntun á iðnaðarmönnum þrátt fyrir öflug fyrirtæki á staðnum og mikilvægt að opna augu unglinga fyrir möguleikum í menntaleiðum. Með því að gefa þeim innsýn í starfsemi og menntunarkröfur mismunandi iðnstétta í nærsamfélaginu er hægt að aðstoða þau við að taka meðvitaða ákvörðun um hvert þau vilji stefna í framtíðinni, hvetja þau til menntunar og ljúka fyrstu áföngum í grunndeild iðnnáms. Síðast en ekki síst myndar þetta tengsl á milli nemendanna og vinnustaðanna og gefur þannig nemendum hugrekki og meðmæli til að sækja um sumarvinnu þar.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur komið á mikilvægu samstarfi á milli vinnustaða og framhaldsdeildar. Allir sem að verkefninu koma eru sammála um að með slíku vinnstaðanámi í heimabyggð er hægt að auka trú nemenda á eigin hæfni til náms og starfa.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið farið af stað með alla þá áfanga sem áætlað var í upphafi, er mikil ánægja með árangurinn bæði hjá nemendum, kennurum og starfsfóstrum. Þá hafa einnig líst yfir ánægju sinni margir foreldrar, sem merkja framfarir hjá krökkunum hvað varðar þátttöku í samfélagi fullorðinna. Til dæmis sjálfstryggi við atvinnuleit og að þau kynnast fólki á staðnum etv öðruvísi með því að vera samstarfsfólk þess en teljast ekki lengur börn.

Verklegir tímar, sem brjóta upp hinn hefðbundna dag í námsveri, hafa mjög jákvæð áhrif á námsanda í bekknum. Nemendur eru spenntir og jákvæðir fyrir tímunum og jákvætt viðhorf eykur námsárangur merkjanlega í öllum fögum.

Niðurstöður verkefnisins

Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

- Uppbrot kennsluviku með verklegum tímum, sérstaklega fyrir þá nemendur sem haldnir eru námsleiða.
- Kynning á iðnnámi fyrir nemendur sem hafa ekki skýra sýn á hvað þeir vilja læra.
- Byggja brýr á milli bæði tveggja framhaldsskóla, á milli vinnustaða og framhaldsdeildarinnar á Þórshöfn og á milli nemenda og vinnustaða.
- Koma upp öryggisfatnaði og verkfærum á nokkrum vinnustöðum sem eru til staðar í áframhaldandi samstarfi.

Því má segja að öll markmið hafi náðst nema að nemendur geti haldið fullum námshraða í iðnnámi frá VMA þrátt fyrir að vera við deildina á Þórshöfn. Ef til vill hefur það markmið verið svolítið hátt í byrjun en allir aðilar hafa lært af vestrinum og eru betur í stakk búnir til að láta það ganga nk haustönn.

Ljóst er að verkefnið mun halda áfram a.m.k næsta vetur með svipuðu fyrirkomulagi og verkaskiptingu þar sem ánægja með útkomuna er mikil hjá öllum þeim sem komu að því.

Verkefnið hefur fengið jákvæða umfjöllun innan samfélagsins á Þórshöfn og fólk hefur komið til verkefnisstjóra til að hrósa framtakinu, þar sem það kemur á mótis við þarfir samfélagsins.

Þá hefur nýleg Skólapúls könnun hjá Grunnskólanum á Þórshöfn sýnt að stórhloti foreldra á Þórshöfn hafa væntingar til þess að börnin þeirra ljúki iðnnámi og kennsla grunngreina iðnnáms hér á staðnum mætir þá að hluta til þeirra óskum.

Verkefnið hefur helst verið kynnt fyrir heimafólki og þá sérstaklega væntanlegum nemendum en einnig á heimasíðum Laugaskóla, Langanesbyggðar og Þekkingarnets Þingeyinga. Umfjöllun um framgang þess mun halda áfram á þessum miðlum.

Virðingarfyllt

Hildur Stefánsdóttir, verkefnisstjóri